


LAXARANNSOKNIR í SELA í
VOPNAFIRDI 1988

Ólafur Einarsson
Arni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun VMST/R-89015

Eintak bókasafns

VMST-R / 89015



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

INNSANGUR

LAXARANNSOKNIR I SELA I
VOPNAFIRDI 1988

Ólafur Einarsson
Arni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun VMST/R-89015

INNSANGUR

Felagsráðgjafi er ábyrgðingur og rannsóknir verðar voru á
Laxarannsóknir í Sela í Vopnafirði 1988. Án þess hefur
Laxarannsóknir í Sela í Vopnafirði 1988.
Ólafur Einarsson
Arni Jóhann Óðinsson
Veiðimálastofnun VMST/R-89015

INNSANGUR

Laxarannsóknir í Sela í Vopnafirði 1988. Án þess hefur
Laxarannsóknir í Sela í Vopnafirði 1988.
Ólafur Einarsson
Arni Jóhann Óðinsson
Veiðimálastofnun VMST/R-89015

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er fjallað um rannsóknir sem gerðar voru á fiskistofnum Selár í Vopnafirði sumarið 1988, en fylgst hefur verið með seiðaástandi í Selá síðan árið 1979.

Selá er dragá og upptök hennar eru í Dimmufjallgarði. Þaðan rennur áin um Hauksstaðaheiði og því næst Selárdal þar til hún fellur í Vopnafjörð (Mynd 1). Áin er laxgeng um 50 km eftir að laxastigi var gerður við Selárfoss árið 1967.

FRAMKVÆMD

Seiðaathugun var gerð og fór hún fram á svipaðan hátt og árin á undan (Sigurður Guðjónsson 1988). Rafveitt var á ellefu stöðum, samtals 4300 m², í annarri viku af ágúst.

Safnað var hreistri af laxi í aflu stangveiðimanna og þeir laxar aldursgreindir. Á þennan hátt fékkst hugmynd um aldurssamsetningu laxagöngunnar sumarið 1988. Litið var á veiðigögn til þess að gera sér grein fyrir kynjaskiptingu og hlutfall smálaxa og stórlaxa í aflu. Með því að athuga fjölda smálaxa í aflu má fá hugmynd um stórlaxagengd ári síðar (Jón Kristjánsson 1982).

NIDURSTÖÐUR

Rafveiðarnar í Selá leiddu í ljós að mest er af seiðaárgangi 1985 (1.0 seiði/100 m²) og 1987 (1.5 seiði/100 m²) (Tafla 1). Einnig er nokkuð af seiðum sem tilheyra árgangi 1988 (0.7/100 m²)

(Tafla 2). Aðrir seiðaárgangar eru ekki eins árberandi (Tafla 1 og mynd 6a). Sleppiseiði fundust á sleppistað á ófiskgenga hluta árinna (Mynd 2).

Bleikjuseiði eru til staðar á öllum þeim stöðvum sem rafveiddar voru, þó svo að ekki sé eins mikil þéttleiki af bleikjuseiðum og laxaseiðum í ánni (Mynd 2-5). Lítið er af urriðaseiðum í Selá eingungis varð vart við þrjú seiði á jafnmörgum stöðvum (Mynd 2-5).

Veiði í Selá sumarið 1988 var, samkvæmt veiðiskýrslum, alls 1102 laxar, þar af 737 smálaxar og 352 stórlaxar (Tafla 5) (Guðni Guðbergsson munnl. uppl.). Tekin voru hreistursýni af 85 löxum til aldursgreiningar sem er 7.7% af heildarafla úr Selá. Samkvæmt hreisturlestri voru 5 laxar, af þeim 85 sem aldursgreindir voru, að koma til hrygningar í ána í annað eða þriðja sinn. Í töflu 3 og 4 má svo sjá niðurstöður aldursgreininga. Hlutdeild klakárganga 1982 og 1983 er mestur í aflanum (36.8% og 45.5%).

Ekki eru tiltækar aflatölur fyrir bleikju árið 1988. Sumarið 1987 veiddust samkvæmt veiðiskýrslum 249 bleikjur og 6 urriðar (Guðni Guðbergsson munnl. uppl.). Ljóst er að bæta þarf skráningu á þessari veiði, brögð eru að því að ekki eru skráðar inn nægar upplýsingar um hvern fisk og án efa láta menn að einhverju leyti undir höfuð leggjast að skrá allar veiddar bleikjur og urriða.

Tafla 1. Þéttleiki seiða eftir aldri á hverja 100m².

Ár	Fjöldi stöðva	Aldurshópar					Eldri	Alls
		0	1	2	3	4		
1979	8		4.6	3.5	3.5	0.4		12.0
1980	9	2.2	0.6	5.2	1.4	1.7		11.3
1981	7		5.2	0.6	2.0	0.8		8.6
1982	6		1.2	2.3	0.1	0.2	0.2	3.9
1983	7		1.3	2.7	2.7	0.2	0.4	7.3
1984	13		0.4	1.6	3.2	1.1	0.1	6.4
1985	9		0.2	1.2	1.2	0.2		2.8
1986	8	0.1	6.5	1.2	0.7	0.4	0.2	8.9
1987	13	0.1	0.7	2.3	0.2			3.3
1988	11	0.7	1.5	0.2	1.0	0.02		3.4

Tafla 2. Meðallengd seiða eftir aldri í sentimetrum.

Ár	Fjöldi stöðva	Stærð stöðva m ²	Aldurshópar					Eldri
			0	1	2	3	4	
1979	8	2060		4.9	7.7	9.8	11.6	
1980	9	2590	3.7	5.9	8.1	10.3	12.1	
1981	7	2840		4.5	6.6	8.4	10.6	
1982	6	2880		5.0	7.7	10.3	11.3	12.8
1983	7	1360		4.8	6.5	9.1	11.6	
1984	13	1750		4.1	5.9	7.5	9.7	11.8
1985	9	2680		5.9	7.8	9.9	11.6	
1986	8	2100	3.8	5.4	8.3	9.7	11.0	12.4
1987	13	4430	4.3	6.3	7.9	10.3		
1988	11	4300	3.0	5.9	7.5	9.7	11.7	

Tafla 3. Aldursamsetning laxa í Selá 1988, lesið af hreistri.

Ar í sjó	1		2		Samtals	%
	Hængur	Hrygna	Hængur	Hrygna		
1						
2						
3		8		2	6	16 25.4
4		20	3	1	13	37 58.7
5		2	6	1	1	10 15.9
6						
Samtals		30	9	4	20	63
%			61.9		38.1	

Tafla 4. Hlutdeild mismundandi árganga í Selá 1988 (byggt á hreisturgögnum).

Hrygning ár	Klak ár	Fjöldi	%
1978	1979	1	1.5
1979	1980	1	1.5
1980	1981	2	2.9
1981	1982	25	36.8
1982	1983	31	45.5
1983	1984	8	11.8

Tafla 5. Smálax og stórlax í veiði 1988 í Selá. Miðað er við að þeir laxar hafi verið tvö ár í sjó ef hængur voru yfir 8 pund, hrygnur yfir 7 pund og þegar kyn er óákveðið var einnig miðað við 7 pund.

Ár í sjó	Hængur	Hrygna	Kyn óákvarðað	Samtals
1	522	188	27	737
2	94	245	13	352
Aldur ?	4	5	4	13
Samtals	620	438	44	1102

UMRÆDA

Seiðaástand í Selá verður nú að teljast gott og eru seiði alls staðar þar sem á annað borð eru skilyrði til uppvaxtar. Meðal seiðapéttleiki er svipaður og síðasta ár. Athyglisvert er að nokkuð er um seiði sem klöktust um sumarið 1988 (Mynd 6a), en ekki hefur orðið vart við sumargömum seiði í neinu magni síðan 1980 (Tafla 1). Sá seiðaárgangur var sterkur í gengnum tímum og þessi árgangur var áberandi í veiðinni 1985-1987 (Sigurður Guðjónsson 1988). Athyglisvert verður því að fylgjast með afkomu seiðaárgangsins frá síðastliðnu sumri.

Laxaseiði í Selá ná göngubroska eftir að þau hafa dvalist 3 til 5 ár í ánni, seiðin hafa þá náð 10-13 cm á lengd sumarið áður

en þau ganga til sjávar (Tafla 2 og 3).

Nauðsynlegt^{er} að fylgjast með seiðaástandi í ánni til þess að fá upplýsingar um seiðastofna árinna og hvort upp kæmi sú staða að grípa þurfi inni í og sleppa laxaseiðum í ána ef klakárgangur verður með afbrýgðum lítili.

Eins og áður hefur komið fram eru bleikjuseiði á öllum þeim stöðum sem rafveitt var á, klakárgangurinn frá því í sumar er mest áberandi einnig er nokkuð um eins og þriggja ára seiði (Mynd 6b).

Þokkaleg hugmynd fékkst um laxagönguna 1988. Klakárgangur 1982-1984 báru uppi aflann, en árgangar '82 og '83 voru samtals 82.3 % aflans (Tafla 4). Í Hofsá var aldursamsetning aflans svipuð og í Selá en í Hofsá tilheyrðu 72.2 % aflans þessum sömu árgöngum (Ólafur Einarsson og Árni J. Óðinsson 1989). Aldurssamsetning afla í þessum tveimur Vopnafjarðarám er svipaður. Mun betra hreistursýnaúrtak fékkst þó í Hofsá þar sem hreistursýni voru tekin af hlutfallslega fleiri fiskum en í Selá. Efla ætti hreistursýnatöku í Selá, en með hreistursýnatökunni fást mikilvægar upplýsingar um laxastofn árinna á tiltölulega fyrirhafnarlítinn hátt. Gæta þarf þess að taka hreistursýni yfir allan veiðitímann, svo rétt úrtak fái af allri göngunni.

Árið 1988 veiddust 1102 laxar í Selá sem er þó nokkra minni afli en 1987 sem var eitt af bestu aflaárum í Selá (Mynd 7). Smálaxaganga var nokkuð mikil síðasta ár og má því gera ráð fyrir að stórlaxaganga verði allmikil sumarið 1989, hugsanlegt er að eitthvað á bilinu 500-800 stórlaxar gætu veiðst.


HEIMILDIR

Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Veiðimálastofnun, skýrsla VMST-R/87026.

Jón Kristjánsson 1982. Athugun á veiðiskýrslum úr nokkrum laxveiðiám NA- og A-lands 1969-1981. Veiðimaðurinn 38. árg., nr.109. Bls. 39-44.

Ólafur Einarsson og Árni J. Óðinsson 1989. Laxarannsóknir í Hofsa í Vopnafirði 1988. Veiðimálastofnun, skýrsla VMST-R/89014.

Sigurður Guðjónsson 1988. Laxarannsóknir í Selá Vopnafirði 1987. Veiðimálastofnun, skýrsla VMST-R/88028.




Mynd 1. Selá í Vopnafirði.


Við Urðarkamb (ófiskgengi hlutiárinnar).

200 m².


ldi




Mynd 2: Fjöldi og dreifing seiða í Selá í rafveiði 1988.




Mynd 3: Fjöldi og aldursdreifing seiða í vatnakerfi Selár í rafveiði 1988.




Mynd 4: Fjöldi og aldursdreifing seiða í Selá í rafveiði 1988.



Mynd 5: Fjöldi og aldursdreifing seiða í vatnakerfi Selár í rafveiði 1988.



Mynd 6a: Heildarfjöldi og aldursdreifing laxaseiða í vatnakerfi Selár í rafveiði 1988.



Mynd 6b: Heildarfjöldi og aldursdreifing bleikju- og urriðaseiða í vatnakerfi Selár í rafveiði 1988.

SELÁ

Laxveiddin 1974-1988

